



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðbrögð við lokanir rekstraraðila í miðborginni

Á fundi borgarráðs þann 15. ágúst sl. lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig ætlar borgin að bregðast við þeim tíðindum að fjöldi rótgróinna og þekktra rekstraraðila leggja upp laupana á háannatíma?

Svar:

Alls eru nú 21 auð verslunarrými við Laugaveg af 251 verslunarrýmum. Af þessu 21 auða rými eru sjö þeirra að fara að opna nýjar verslanir. Frá ársbyrjun 2018 hafa um 60 fyrirtæki opnað eða skipt um rými. Leiða má að því líkum að lokanir rekstraraðila í miðborginni séu ekki eins margar og umfangsmiklar og halda mætti í fyrstu. Auð verslunarrými er einnig að finna í stærstu verslunarmiðstöðvum landsins og verslunarkjörnum. Breytt kauphegðun m.a. vegna stórauðinnar netverslunnar á undanförunum árum hefur þar mikið að segja.

Fyrir hefðbundna verslun á þessum tímum er mikilvægt að leggja áherslu á bætt umhverfi og upplifun þeirra sem versla. Í því augnamiði hefur meirihluti borgarstjórnar lagt áherslu á að skapa betra verslunarumhverfi í miðborginni með göngugötum, Aukinn gróður, blóm, bekkir og bætt aðgengi inn í verslanir og þjónustu á göngugötusvæðinu laðar að meira mannlíf og skapar betri upplifun íbúa og gesta

Að breyta götum í göngugötur og færa þar með umferð akandi og bílastæði frá götunum hefur margvísleg jákvæð áhrif. Það hefur fjöldi rannsókna um allan heim sýnt og reynsla annarra borga í öllum heimshlutum er án undantekninga góð. Göngugötur eru sá áfangastaður borga sem flestir heimsækja, þær auka mannlíf allan sólarhringinn og bæta upplifun. Göngugötur stuðla einnig að því að efla samskipti og auka lífsgæði borgarbúa, en reynslan hefur sýnt að íbúar borga þ.m.t. í Reykjavík vilja göngugötu í miðborgum og að verslun, viðskipti og efnahagssumsvif aukast við göngugötuvæðingu.

Í nýju deiliskipulagi sem lagt var fram og samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 25. september sl. er að finna eina af þeim mikilvægu aðgerðunum sem borgin er að gera í dag til að bregðast við og styðja við verslun og þjónustu í miðborginni. Það er sú aðgerð að breyta Laugavegi í varanlega göngugötu. Þá liggur fyrir samþykkt borgarstjórnar frá 4. september 2018

um að fela umhverfis- og skipulagssviði að útfæra Laugaveg, Bankastræti og götur í Kvosinni sem göngugötur.

Borgin hefur lagt áherslu á samráð við hagsmunaaðila í viðleitini sinni til að styðja við atvinnulíf í miðborginni og í borginni allri með ýmsum hætti. Fyrir miðborgina er starfandi vettvangur sem heitir Verkefnisstjórn Miðborgarmála en þar hittast á reglulegum fundum hagaðilar miðborgarinnar sem og starfsfólk þvert á svið Reykjavíkurborgar.

Einnig stendur formaður borgarráðs fyrir fundarröð með fulltrúum atvinnulífsins í borginni. Tilgangur fundanna er að halda áfram reglubundnu samtali og samráði við fulltrúa atvinnulífsins með það að markmiði að borgin og atvinnulífið í Reykjavík skilji betur gagnkvæmar þarfir og væntingar. Sambærilegir fundir hafa verið haldnir með Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum Iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi Atvinnurekenda FA, Félagi kvenna í atvinnulífinu FKA og Viðskiptaráði. Afurð þessarar fundarseríu er að vænta í vetur.

Dagur B. Eggertsson